

Góðspá um 1939.

I.

Mér hefir þótt vænt um að sjá í **Light**, Lundúnavikuritinu sem eg hefi oft skrifað í, spád vel fyrir þessu ári. Mr. Frank T. Blake sem í ársbyrjun 1938, hafði spáð því að England mundi ekki á því ári lenda í Evrópustyrjöld, segir nú, að þó að himininn sé nú í ársbyrjun svartur mjög, þá skini þar í gegnum ský, þó að dauft sé skinið. Og muni það skin glæðast svo að áður árið 1939 sé á enda, verði heimurinn haðður í dýrðarljósi friðarins (bls. 8).

Í ágætu samræmi við þetta er spá sem sagt er frá í **Light** á bls. 9, eftir franska tímaritinu **Psychica**. Þar er einnig sagt, að þrátt fyrir tvisýnar horfur, muni engin Evrópustyrjöld verða á þessu ári. Ennfremur, að á árinu „muni núkil uppgötvun í vísindum, kollvarpa ýmsum gömlum kenningum og bregða ljósi yfir margan dulrænan átrúnað.“

II.

Þetta kemur ágætlega heim við mínar skoðanir og það sem eg hefi sagt í grein minni ný-árshugsanir 1939. Ef meun á þessu ári uppgötva eðli draum-lífsins og hverulga með þeirri uppgötvun er fundin leið til að rannsaka lífið á stjórnunum og komast í samband við það, þá mun vel fara. Þá munu góðar verur annarstaðar í heimi, geta haft þau áhrif á mannkyn jarðar vorrar, að farið verði að breyta hyggilegar og augu manna opnast nægilega fyrir því, hversu ófriðurinn er skaðlegur og hve miklu má til leiðar koma með sátt og samtökum.

En ekki er þess að dyljast, að þar sem um það ræðir, að uppgötva íslenskar uppgötvanir, þá eru erfiðleikarnir miklir. Má t. d. geta þess, að jafnvel annar eins maður og próf. dr. Ág. H. Bjarnason, minnst í bók sem annars er eins merkileg og Sál-arfræði hans, ekki einu orði á rannsóknir minar á eðli drauma!

18. jan.
Helgi Pjeturs.

Uts 26 jan '39